

FRÍM 80 Sýningar- SKRÁ

**Frímerkjasýning
að Kjarvalsstöðum
6.—10. nóv. 1980**



FÉLAG FRÍMERKJASAFNARA

Frím 80

Dagskrá

Fimmtudagur 6. nóvember

- 16.30 Sýning Frím 80 opnuð.
Ávörp:
Formaður sýningarnefndar, Jóhann Guðmundsson.
Formaður Félags frimerkjasafnara, Páll H. Ásgeirsson.
- 17.30 *Kvikmyndir:*
20.45 *Erindi.* Bréfspjöld: Hálfán Helgason. Sýndar verða litmyndir til skýringar.
22.00 Lokað.

Föstudagur 7. nóvember

- 16.00 Sýningin opnuð.
17.00—19.00 Matsnefnd frimerkja og frimerkjasafnara að störfum.
17.30 *Kvikmyndir.*
22.00 Lokað.

Laugardagur 8. nóvember

- 14.00 Sýningin opnuð.
14.30—16.30 Markaður — frimerkjaskipti o.fl.
17.00—19.00 Matsnefnd að störfum.
20.00 Lokað.

Sunnudagur 9. nóvember

- 14.00 Sýningin opnuð
14.30 *Kvikmyndasýning*
16.30 *Erindi:* Yfirprentunin „Þrír“ 1897. Jón Aðalsteinn Jónsson.
17.00—19.00 Matsnefnd að störfum.
22.00 Lokað.

Mánudagur 10. nóvember. Dagur frimerkisins.

- 13.00 Heimsókn Álftamýrarskóla.
14.00 Heimsókn Hagaskóla. Móttaka Guðmundur Ingimundarson.
16.00 Sýningin opnuð.
17.00—19.00 Matsnefnd að störfum.
20.30 *Erindi* — Um frimerki.
22.00 Sýningu F.F. Frím 80 lýkur.

Sérstakt pósthús verður opið á sýningunni. Verðun Félags frimerkjasafnara og veiðipottur starfa einnig.

Ávarp formanns Félags frimerkjasafnara

Tilfni þess, að Félag frimerkjasafnara ræðst í að halda frimerkjasýninguna FRÍM 80, er margþætt:

Í fyrsta lagi vill F.F. kynna fólki úrval frimerkjasafna og á hve margvíslegan hátt megi safna frimerkjum.

Í öðru lagi vill F.F. um leið vekja áhuga manna á frimerkjasöfnun og gildi hennar.

Í þriðja lagi er hugmyndin með þessari frimerkjasýningu sú að lyfta Degi frimerkisins upp úr þeirri lægð, sem hann óneitanlega var kominn í. Nú er þessa dags minnt í 20. sinn með sérstimpli.

Síðast, en ekki sízt er FRÍM 80 haldin til þess að minnast eins bezta félaga okkar, Sigurðar Ágústssonar, sem lézt á síðastliðnu ári. Sigurður sýndi í öllum störfum sínum fyrir F.F. einstaka fórnfýsi og samvirkusemi.

Félag frimerkjasafnara væntir þess, að sýningargestir fái góða innsýn í þessa skemmtilegu og hollu tólmstundaiðju.

F.F. vill þakka þeim mörgu, sem lagt hafa hönd á plóginn til þess að gera FRÍM 80 að veruleika.

F.F. kann Póst- og símamálastofnuninni beztu þakkir fyrir mikilsverða aðstoð.

Verið velkomin á FRÍM 80.

Páll H. Ásgeirsson,
formaður F.F.

Sýningarnefnd FRÍM 80

Jóhann Guðmundsson
formaður,

Finnur Kolbeinsson, Gestur Hallgrímsson, Guðbjörn Ingvarsson,
Guðmundur Ingimundarson, Jón Aðalsteinn Jónsson, Magnús K.
Antonsson, Páll H. Ásgeirsson, Sigurður Pétursson.

ÁVARP formanns sýningarnefndar

Góðir sýningargestir!

Frimerkjasýning Félags frimerkjasafnara að Kjarvalsstöðum, FRÍM 80, er að því leyti frábrugðin hefðbundnum frimerkjasýningum, að hér er um kynningarsýningu að ræða. Við væntum þess, að það verði jafnframt styrkur sýningarinnar, þannig að hún verði þess vegna fremur við hæfi almennings en samkeppnissýningar.

Hér eru sýnd ýmis söfn, sem telja má nokkurn veginn vist, að hefðu ekki komið fram, ef um samkeppnissýningu hefði verið að ræða. Fjölmargir safnarar eru hlédrægir og tregir til þess að sýna söfn sín til verðlauna, enda þarf mikið til, svo að þau komi til álita hjá dómnefndum. Langflestir safna frimerkjum vegna frimerkjanna og þeirra tólmstunda, sem slík söfnun veitir fjarri ys og þys daganna. Í augum þeirra er öll frimerkjasöfnun áhugaverð. Í ljósi þessa hafa einmitt nokkrir aðilar, sem sjaldan eða aldrei hafa sýnt áður, ákveðið að sýna hluta af söfnum sínum á FRÍM 80.

Við höfum leitast við að gera þessa sýningu þannig úr garði, að sem allra flestir geti fundið eitthvað á henni við sitt hæfi. Flutt verða stutt erindi, kvikmyndasýningar haldnar og enn fremur frimerkjamarkaður. Þá verða barmmerki sýnd og myntsafnarar kynna efni, sem varðar þeirra söfnun sérstaklega. Síðast, en ekki sízt verður leitast við að leiðbeina almenningi og veita upplýsingar um verðmæti frimerkja og frimerkjasafna, ef þess verður óskað. Slikt hefur ekki verið reynt áður í sambandi við frimerkjasýningar hér á landi. Sýningarnefndin vonast því til, að vel takist til um þessa fyrstu tilraun.

Það er einlæg ósk Félags frimerkjasafnara, að eitthvað af því, sem hér er sýnt og boðið fram, verði gestum til gagns og gleði og veki um leið áhuga þeirra á frimerkjasöfnun. Sá er einnig tilgangur og markmið FRÍM 80.

Jóhann Guðmundsson,
formaður sýningarnefndar.

Matsnefnd frimerkja

Eins og fram kemur í dagskrá sýningarinnar, starfar matsnefnd kl. 17-19 föstudag til mánudags. Gefst þá almenningi kostur á að fá sérfróða frimerkjasafnara til að láta uppi álit um verðmæti einstakra frimerkja og frimerkjasafna og jafnvel annarra safnmuna.

Dagur frimerkisins

Sýningin FRÍM 80 er haldin meðal annars í tilefni af Degi frimerkisins, 10. nóvember, en sá dagur er lokadagur sýningarinnar.

Ekki væri óeðlilegt að við safnarar notuðum sýningartímann að þessu sinni til þess að hugleiða stöðu áhugamáls okkar í Þjóðfélaginu og hvað gera megi því til framdráttar.

Nú vitum við, að Dagur frimerkisins hefur verið haldinn hér á landi með slíkt markmið í huga allt frá árinu 1960, en hugmyndin er hins vegar miklu eldri. Á þingi Alþjóðasambands frimerkjasafnara, F.I.P., sem haldið var árið 1936 í Luxembourg, var ákveðið, að sérhvert aðildarland skyldi halda hátíðlegan Dag frimerkisins einn sunnudag ár hvert.

Allt frá upphafi hefur Félag frimerkjasafnara átt drjúga aðild að Degi frimerkisins, einkum með sýningu safna félagsmanna í verzlunargluggum og pósthúsum borgarinnar. Þá hafa einnig verið flutt útvarpserindi um frimerki og frimerkjasöfnun auk annarrar kynningar.

Árið 1964 var mikið átak gert í þessum málum af hálfu Félags frimerkjasafnara, er ráðizt var í stórsýningu á Degi frimerkisins. Stórsýning var það vissulega, því að sýnt var í tæplega 100 römmum, og vakti sú sýning verðskuldaða athygli.

Það er von mín, að sýningin FRÍM 80 megi einnig vekja verðskuldaða athygli og verða félaginu og markmiðum þess til framdráttar.

Sigurður R. Pétursson,
formaður L.Í.F.

Frimerkjauppböð FF verður í
ráðstefnusal Hótelis Loftleiða 15. nóv. 1980
kl. 13.30

Uppboðsefnið verður til sýnis á FRÍM 80 að Kjarvalsstöðum 8. nóv. kl. 15-18 og á
uppböðsstað 15. nóv. kl. 11-13.

ÁVARP formanns sýningarnefndar



Sigurður Ágústsson

1903—1979

Eins og getið er um í ávarpi formanns Félags frimerkjasafnara, er þessi frimerkjasýning að hluta helguð minningu Sigurðar Ágústssonar rafvirkja. Af því tilefni þótti sjálfsagt að minnast hans sérstaklega með nokkrum orðum í sýningarhránni. Enda þótt margur þekkti Sigurð öllu betur en ég, vildi ég ekki víkjast undan að minnast hans, þegar sýningarnefnd fór þess á leit við mig. Hins vegar þarf raunar ekki að fara mörgum orðum um Sigurð, svo fersk er enn minningin um þennan mæta og hjálpfúsa féлага í hugum okkar allra.

Sigurður var fæddur í Reykjavík 6. apríl 1903 og elztur þriggja sona hjónanna Ágústis Sigurðssonar prentsmiðjustjóra og Ingileifar Bartels. Stóðu að honum kunnar ættir, og langafi hans í beinan karllegg var Jón Guðmundsson, ritstjóri Þjóðólfs og mikill stuðningsmaður Jóns Sigurðssonar, svo sem alkunna er.

Sigurður lauk námi í rafvirkjun árið 1922 og dvaldist síðan um skeið í

Danmörku til frekari menntunar í iðngrein sinni. Um nokkur ár vann hann svo sjálfstætt við rafvirkjastörf, en hætti því og gerðist starfsmaður Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Vann hann hjá þeirri stofnun um áratugaskeið eða til æviloka. Hann lézt 28. maí 1979, 76 ára að aldri.

Sigurður kvæntist árið 1932 Þórunni Brynjólfssdóttur, Þorlákssonar organleikara, en missti hana árið 1944. Eignuðust þau tvö börn, Guðnýju, sem andaðist 1969, og Ágúst Inga húsgagnasmið, sem lifir föður sinn.

Á þessum vettvangi er Sigurðar Ágústssonar ekki minnst fyrir aðalstarf sitt, heldur fyrir þau áhugamál önnur, er tóku hug hans í tómsundum. Þar vann hann mikið og gott starf, meðan kraftar entust.

Ungur gekk Sigurður í skátahreyfinguna eða árið 1913 og hafði því lengst allra Íslendinga verið tengdur þeirri hreyfingu, þegar hann féll frá, eða í 66 ár. Hér verður sú saga ekki rakin, enda þótt ástæða væri til, heldur skal snúið að síðara áhugamáli hans, frimerkjasöfnun.

Ekki er mér kunnugt um, hvenær Sigurður hóf frimerkjasöfnun, en trúlega hefur hann gert það snemma, eins og flestir gera á unglingsárum, þótt síðar dofni yfir hjá mörgum. Þá þykir mér líklegt, að hann hafi fljótt hafið söfnun skátamerka, en þau hafa lengi þótt áhugavert efni. Átti hann gott safn af þeim, þegar hann lézt, svo sem sjá má sýnishorn af á FRÍM 80.

Félag frimerkjasafnara var stofnað 11. júní 1957, og gerðist Sigurður félagi skömmu síðar. Varð hann snemma stjórnarmaður, og hefur enginn setið eins lengi í stjórn félagsins og hann. Gegndi hann ýmsum störfum innan stjórnarinnar, en var lengst meðstjórnandi og þá beint til hans ýmsum verkefnum eftir því sem á stóð hverju sinni. Menn fundu það og fljótt, að hann var jafnan búngreiðugur og skjótur til að sinna kvabbi féлага sinna.

Ég hygg, að Sigurður hafi fundið í tómsundastörfum sínum ákveðinn létti frá ýmsum persónulegum málum. Svo sem áður getur, missti hann konu sína unga frá tveimur börnum, og svo átti hann á efri árum á bak að sjá einkadóttur sinni. Allt hefur þetta að vonum sett mark á hinn hægláta og hlédræga mann, sem flíkaði örugglega aldrei tilfinningum sínum. En þá var gott að eiga hugðarefni til að halla sér að og gleyma þannig ýmsum erfiðleikum og kynnast um leið góðum félögum með sama áhugamál. Starfið innan F.F. varð einmitt sá vettvangur, sem hann sneri sér æ meira að. Um leið vann hann fyrir Landssamband íslenskra frimerkjasafnara og var um hrið í stjórn þess.

Sýningarskápar

1. Bókin Íslensk frímerki í hundrað ár 1873-1973 eftir Jón Aðalstein Jónsson.
2. Brauðpeningar. Gísli Pálsson og Anton Holt.
3. Lögreglumerki o.fl. Sævar Þ. Jóhannesson.
- 4-5-6. Íslensk barmmerki og einkennismerki. Ólafur Jónsson.

allt fyrir safnarann
há

MAGNA

Til að auka fjölbreytnina fyrir safnara,
kaupi ég, sel og jafnvel skipti:

Frímerki, stimpluð og Skömmunarseðlar eru líka óstimpluð. vinsælt söfnunarsvið.

Gömul póstsend umslög (frá Innstungubækur og alþúm fyrir frímerki í fjölbreyttu úrvali. 1960 og eldri).

Póstkort með og án frímerkja.

Einnig erlend kort ef þau eru Myntalþúm og hinir vinsælu myntskápar frá Pfeiffer fyrir- liggjandi.

Prjónmerki (félagsmerki, 17. Verólistar og handbækur um júní merki og önnur slík). frímerki og myntir í miklu úr- vali.

Peningaseðlar og ýmis kó- rónumynt.

Gömul Íslensk landakort.

HJÁ MAGNA

Laugavegi 15
sími 23011

Félag frímerkjasafnara Stofnað 11. júní 1957

Stjórn 1980

Páll H. Ásgeirsson formaður,
Jóhann Guðmundsson varaformaður,
Óskar Jónatansson ritari,
Magni R. Magnússon gjaldkeri,
Hugi Ármannsson spjaldskrárritari,
Hjalti Jóhannesson og
Þórir Kristmundsson meðstjórnendur.

Varamenn

Ellen Sighvatsson og Ólafur Jónsson.

Með sýningarskrá þessari fylgja
bestu kveðjur frá
Frímerkja og myntverslun MAGNA

Allt fyrir safnarann
Hjá Magna

Laugavegi 15 – Sími 23011

Langst muna félagar F.F. Sigurð Ágústsson fyrir gæzlu hans á húsakynnum félagsins að Amtmannsstíg 2, en þar var hann flestum stundum, þegar herbergið var opið, og oft í annan tíma líka og jafnt vetur sem sumar. Þá sá hann lengi um umslagaútgáfu F.F., og þeir voru ófáir, sem báðu hann um að lima fyrir sig á umslög á útgáfudögum nýrra frimerkja. Þá vann Sigurður mikið starf í sambandi við frimerkjauppboð félagsins frá upphafi þeirra.

Loks má ekki gleyma því, að Sigurður vann mikið starf og gott að undirbúningi Dags frimerkisins á hverju ári frá fyrstu tíð og svo á sjálfan daginn. Voru þær margar gluggasýningarnar, sem hann setti upp sjálfur og í samvinnu við aðra viðs vegar um Reykjavík á þessum degi. Komu þá margir í íbúð hans að Reynimel 44 eins og reyndar endranær, en þar átti hann heima um tugi ára. Þá lét Sigurður sig ekki muna um að skreppa austur fyrir Fjall eða norður í land til að aðstoða við frimerkjasýningar.

Stjórn F.F. vill nú á FRÍM 80 þakka Sigurði þau ómetanlegu störf, sem hann vann fyrir frimerkjasöfnun hér á landi. Vissulega var honum ekki með öllu gleymt í lifanda lífi, svo sem á stundum hendir því miður. Árið 1978, þegar Sigurður varð 75 ára, var honum haldið smásamsæti og um sama leyti gerður heiðursfélagi F.F., hinn fyrsti og eini til þessa. Var hann óumdeilanlega manna bezt að þeim heiðri kominn.

Að lokum má ekki undan fella að geta þess, að Sigurður Ágústsson var listfengur á marga grein og málaði m.a. margar sérkennilegar smámyndir. Eins skreytti hann umslög sín mjög persónulega. Einkum eru einkennilegir svartir karlar víða á umslögum hans, svo sem sjá má á sýningunni. Segja má, að þeir hafi verið sértákn Sigurðar og eins konar fangamark eða e.t.v. frekar bókmerki, enda merkti hann bækur sínar með þessum körlum sínum eða vinum. Lék þá enginn vafi á um eigandann. Mörg þannig skreytt umslög gaf hann ýmsum vinum sínum eða setti á skyndiuppboð í félaginu. Hafa þau því borizt í hendur safnara víða. Nú munu bækur hans flestar vera komnar í eigu F.F. sem gjöf frá erfingjum hans. Svo er og um muni hans ýmsa, sem tengdir eru frimerkjasöfnun.

Af því, sem hér hefur verið rakið að framan, ætti öllum að vera vel ljóst, að ekki er ófyrirsynju, að Sigurðar Ágústssonar er minnzt sérstaklega á þessari sýningu F.F., FRÍM 80, sem tengd er um leið Degi frimerkisins 1980.

Jón Aðalsteinn Jónsson.

Sýnendur á Frím 80

Rammar no.	Efni	Eigandi
1	Íslensk skildingabréf o.fl.	Þjóðminjasafn
2-5	Ísland fyrir lýðveldi	Óli Kristinsson
6	Yfirprentunin „Þrír“ 1897	Indriði Pálsson
7	Gamlar arkir	Jón Pétursson
8	Fyrsta dagsumslög	Óli Kristinsson
9-11	Sjaldbréf	Jón Halldórsson
12-16	Lýðveldið óstimplað	Hartvig Ingólfsson
17-18	Tölustimplar	Frank G. Mooney
19-20	Kórónustimplar	Hjalte Jóhannesson
21-23	Tölustimplar	Jón Halldórsson
24-27	Fjórðublökkir	Þorsteinn Sigvaldason
28-30	Sérstimplar	Sigtryggur Eyþórsson
31-32	Afbrigði (Lýðveldi)	sami
33-34	Íslensk bréf	Hugi Ármannsson og sonur
35-36	Gullfoss	Ólafur Elíasson
37-39	Kristján X., 25 ára ríkisstjórnarafmæli	Jóhann Guðmundsson
40	Dönsk Rauðakrossmerki	Ernst Sigurðsson
41-43	Danmörk	Jón Aðalsteinn Jónsson
44-48	Norsk fyrsta dagsumslög	Jón Guðmundsson
49-51	England	Guðmundur Arnason
52-64	Búlgaría	sami
65-72	Tékkóslóvakía	Karl Þorsteins
73-76	U.S.A.	Óli Kristinsson
77-80	Rússland	Guðbjörn Ingvarsson
81	Sviss	Franch Michelsen
82	Gömul japönsk bréf	Björn Þ. Þórðarson
83-85	U.S.A., mótilf	U.S.I.F.
86-88	Rússland (geimferðir)	Helgi Gunnlaugsson
89-92	Hafnarfjörður	Jón Egilsson
93-95	Dagur frimerkisins	Árni Jónsson
96	Grænland (barnahjálpi)	Ernst Sigurðsson
97-98	Fuglar	Óli Kristinsson
99	Frönsk málverk	Finnur Kolbeinsson
100-102	Læknisfræði	Björn Þ. Þórðarson
103-104	Blóm	Óli Kristinsson
105-110	Tónlist	Eysteinn Hallgrímsson
111-112	Málverk	Guðvarður Jónsson
113-114	World Wildlife Fund	Páll Ásgeirsson
115-116	Fuglar	Jón Sigurjónsson
117-118	Ólympía 1960	Sveinn Jónsson
119	Ónundarfjarðarmerkin	Ólafur Jónsson
120	Jólamerki skáta	Ernst Sigurðsson
121-123	Jólamerki skáta	Franch Michelsen
124-128	Jólamerki	Michael Guðvarðarson
129-152	Heiðursdelid	Sigurður Ágústsson

Í skála sýna

Frimerkjakort
Úrklippur o.fl.

Ármann Guðnason
Magni R. Magnússon

Félag frímerkjasafnara

Stofnað 11. júní 1957

Stjórn 1980

Páll H. Ásgeirsson formaður,
Jóhann Guðmundsson varaformaður,
Óskar Jónatansson ritari,
Magni R. Magnússon gjaldkeri,
Hugi Ármannsson spjaldskrárritari,
Hjalte Jóhannesson og
Þórir Kristmundsson meðstjórnendur.

Varamenn

Ellen Sighvatsson og Ólafur Jónsson.

Aðsetur félagsins er að Amtmannsstíg 2, Reykjavík, 2. hæð. Þar er almenningi veitt ráðgöf um frímerki og frímerkjasöfnun á miðvikudögum kl. 17—19. Þá er opið fyrir félagsmenn á laugardögum kl. 15—18.

Innlendir og erlendir frímerkjavérðlistar og bækur um frímerki og söfnun þeirra liggja frammi í herbergi félagsins.

Vetrarstarf F.F. hefst í september, og eru fundir haldnir frá þeim tíma og fram í maí, venjulegast síðasta fimmtudag hvers mánaðar. Þar eru oft flutt fræðandi erindi um frímerkjaefni, og frímerkjaskipti fara fram.

Menn geta sótt um inngöngu í F.F. á þar til gerðum eyðublöðum, en tveir fullgildir félagsmenn verða að mæla með umsókninni.



FRÍMERKJASALAN
PÓSTHÓLF 1445
REYKJAVÍK

*Íslensk frímerki
í hundrað ár
1873—1973*

